

Aðalfundur Félags kvenna í atvinnulífinu

Miðvikudaginn 19. maí 2021, klukkan 17:00.

Haldinn með notkun Zoom fjarfundarbúnaðar

FUNDARGERÐ

1. Fundur settur, val á fundarstjóra og fundarritara

Hulda Ragnheiður Árnadóttir formaður FKA bauð félagskonur velkomnar og setti fundinn klukkan 17:00. Hulda Ragnheiður stakk upp á Örnú Björk Gunnarsdóttur sem fundarstýru og Viktori Ómarssyni sem fundarritara, bæði frá Fundarstjórn.is. Enginn hreyfði andmælum. Arna tók við stjórn fundarins og útskýrði fyrir fundarkonum að þau væru ekki félagar í FKA og hefðu engra hagsmuna að gæta um niðurstöðu fundarins. Þeirra hlutverk væri eingöngu að tryggja að fundurinn færi fram samkvæmt boðaðri dagskrá, lögum félagsins og almennum fundarsköpum.

Fundurinn var boðaður með lögbundnum hætti og sérstök heimild er í lögum félagsins fyrir því að halda aðalfund rafrænt. Fundarstjóri lýst fundinn lögmætan þar sem löglega var til hans boðað.

Lagt var til að þremur dagskrárliðum yrði bætt við dagskrá fundarins, lið nr. 2 um tæknimál fundarins, lið nr. 3 tilkynningar um framboð til stjórnar og lið nr. 14. fundargerð lesin og leiðrétt. Jafnframt var lagt til að lið nr. 7 kosningu stjórnar yrði skipt upp í tvo liði, kosningu formanns annars vegar og kosningu meðstjórnenda og varastjórnar hins vegar. Að lokum var lagt til að skýrslur starfsnefnda yrðu kynntar á eftir kosningu formanns, beint á undan kosningu meðstjórnenda og varastjórnar. Breytingunum var einkum ætlað að auðvelda framkvæmd fundarins. Enginn hreyfði andmælum og var dagskránni breytt til samræmis.

2. Tæknimál fundarins útskýrð

Fundarritari fór yfir tæknileg atriði og útskýrði helstu eiginleika Zoom fjarfundarbúnaðarins sem notaðir verða á fundinum.

3. Tilkynningar um framboð til stjórnar

Skrifstofa FKA hefur undanfarið auglýst eftir framboðum til stjórnar og fyrir fundinn höfðu þrjú framboð borist til formanns og sex framboð borist í þrjú laus sæti meðstjórnenda. Fundarstýra kannaði hvort fleiri félagskonur gæfu kost á sér til setu í stjórn áður en framboðslista yrði lokað og kjörseðlar sendir í vinnslu, klukkan 17:30. Engin bauð sig fram á fundinum.

Fundarstýra útskýrði jafnframt að lokað yrði fyrir kjörskrá á sama tíma, kl. 17:30, líkt og tilkynnt var um fyrir fundinn, enda þarf að undirbúa kjörskrána fyrir kosningu.

4. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins og rekstur þess á liðnu starfsári

Hulda Ragnheiður Árnadóttir formaður FKA flutti framsögu og gaf svo Andreu Róbertsdóttur, framkvæmdastjóra FKA orðið og fór hún yfir starfsemi félagsins á árinu, sjá fylgiskjal 4.1.

5. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár kynntur og borinn upp til samþykktar.

Ársreikningur FKA var birtur á heimasíðu félagsins og hlekk á hann dreift til félagskvenna í FKA blaðinu fyrir fundinn, sjá fskj. 5.1. Hulda Ragnheiður fór yfir ársreikninginn og svaraði fyrirspurnum.

Niðurstaða rekstrar ársins var jákvæð sem nam kr. 4.039.548,- og eigið fé í árslok var jákvætt að upphæð kr. 20.026.905,-. Eftir umræður og fyrirspurnir var ársreikningurinn samþykktur með öllum greiddum atkvæðum utan eins.

6. Lagabreytingar

Elfur Logadóttir fór yfir tillögur starfsnefndar að breytingum á lögum félagsins. Óskað var eftir álit félagskvenna um lagabreytingarnar fyrir fundinn, engar ábendingar bárust.

Fundarstýra opnaði fyrst fyrir umræður um breytingar á 4. grein laganna í ljósi þess að tvær tillögur lágu fyrir varðandi þá grein, annars vegar að fella greinina út og hins vegar um breytt orðalag. Að umræðum loknum var fyrst gengið til atkvæða um tillöguna um að fella greinina

úr lögum félagsins. Tillagan var felld, 68 eða um 62% kusu með tillögunni en 38% á móti, en 2/3 hluta atkvæða þarf til að samþykkja breytingar á lögum félagsins. Þá var opnað fyrir atkvæðagreiðslu um breytt orðalag 4. greinarinnar og var sú tillaga samþykkt með 91% greiddra atkvæða.

Fundarstýra opnaði þá fyrir umræður um allar hinar tillögurnar saman, engin tók til máls og var því gengið til atkvæða um breytingatillögur starfsnefndar á greinum 1, 2, 3, 5, 6, 7, 8, 9, 11, 12 og 14 saman. Tillögurnar voru samþykktar með 97% greiddra atkvæða.

Að lokum var gengið til atkvæða um lögin í heild. Lögin með áorðnum breytingum voru samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

7. Kosning formanns

Þrír frambjóðendur gáfu kost á sér til formennsku í FKA. Frambjóðendur kynntu sig, í framboði voru:

- Fida Abu Libdeh, stofnandi og framkvæmdastjóri GeoSilica
- Guðný Birna Guðmundsdóttir, hjúkrunarstjóri og formaður stjórnar Veitna.
- Sigríður Hrund Pétursdóttir, fjárfestir og eigandi Vinnupalla

Kjörnefnd skipuðu

- Formaður: Elfur Logadóttir, framkvæmdastjóri
- Hildur Árnadóttir, fjárfestir
- Helga R. Eyjólfsdóttir, öryggis- og gæðastjóri

Formaður kjörnefndar, Elfur Logadóttir, fór yfir fyrirkomulag kosninga til stjórnar og útskýrði rafræna framkvæmd hennar. Advania útvegar kosningakerfið sem styðst við notkun rafrænna skilríkja. Hlekk inn á kjörseðil var deilt með fundarkonum.

Tæknilegir hnökrar komu upp við framkvæmd kosningarinnar og nokkrar fundarkonur gerðu athugasemd við að þær væru ekki inn á kjörskrá. Kjörnefnd fundaði um málið, fór yfir ábendingar og athugasemdir og ákvað að rétt væri að endurtaka kosninguna. Opnað var aftur fyrir kosningar.

Greidd voru 103 atkvæði, þar af var ein fundarkvenna með umboð.

Fida Abu Libdeh hlaut 46 atkvæði,
Guðný Birna Guðmundsdóttir hlaut 10 atkvæði,
Sigríður Hrund Pétursdóttir hlaut 47 atkvæði,

Sigríður Hrund Pétursdóttir var því réttkjörin formaður FKA.

8. Skýrslur starfsnefnda

Andrea flutti skýrslur starfsnefnda og deilda félagsins, sjá fylgiskjal 8.1. Á árinu störfuðu sex starfsnefndir í félaginu ásamt sex deildum, þar af voru þrjár landsbyggðardeildir starfandi.

9. Kosning meðstjórnenda og varastjórnar

Sex frambjóðendur gáfu kost á sér í þrjú laus sæti í stjórn félagsins. Frambjóðendur kynntu framboð sín. Í framboði voru:

- Edda Rún Ragnarsdóttir, innanhússarkitekt og eigandi ERR Design.
- Elísabet Tanía Smáradóttir, mannauðsstjóri Hertz Íslandi.
- Eydis Rós Eyglóardóttir, eigandi, framkvæmda- & fjármálastjóri Vélsmiðjunnar, Kjúklingabú og Guesthouse.
- Katrín Kristjana Hjartardóttir, sérfræðingur hjá Origo.
- Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður Þjóðminjasafni Íslands
- Sigríður Örlygsdóttir, aðalbókari og húsasmiður.

Elfur formaður kjörnefnar stýrði framkvæmd sem gerð var með sama hætti og kjör formanns. Hlekk inn á kjörseðil var deilt með fundarkonum.

Atkvæði skiptust þannig:

Edda Rún Ragnarsdóttir hlaut 58 atkvæði,
Elísabet Tanía Smáradóttir hlaut 25 atkvæði,
Eydís Rós Eyglóardóttir hlaut 49 atkvæði,
Katrín Kristjana Hjartardóttir hlaut 54 atkvæði,
Margrét Hallgrímsdóttir hlaut 68 atkvæði og
Sigríður Örlygsdóttir hlaut 10 atkvæði.

Þær Edda Rún Ragnarsdóttir, Katrín Kristjana Hjartardóttir og Margrét Hallgrímsdóttir voru því réttkjörnar í stjórn FKA. Varamenn voru kjörnar Eydís Rós Eyglóardóttir og Elísabet Tanía Smáradóttir, en þær voru með

10. Kosning skoðunarmanns reikninga og eins til vara

Lagt var til að Nanna G. Waage Marinósdóttir yrði kjörin skoðunarmaður reikninga og Ingibjörg Guðmundsdóttir til vara. Tillagan var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta og þær því réttkjörnar í viðkomandi hlutverk.

11. Kosning um tillögur stjórnar um skipan starfsnefnda á vegum félagsins

Hulda Ragnheiður kynnti tillögu stjórnar að starfsnefndum FKA 2021-2022, sjá fskj 11.1. Tillaga stjórnar náði til allra þeirra kvenna sem gáfu kost á sér til starfa í nefndum. Tillagan var samþykkt samhljóða.

12. Ákvörðun félagsgjalda

Hulda Ragnheiður kynnti tillögu stjórnar að hækkun félagsgjalda úr 25.300 kr. í 27.000 kr. sem taki gildi þann 1. júní 2021. Félagsgjöldin hafa verið óbreytt frá 2019. Opnað var fyrir umræður, engin tók til máls og var tillagan samþykkt með 77% greiddra atkvæða.

13. Önnur mál

Rætt um sumarferð á komandi mánuðum sem og aðra viðburði framundan.
Hulda Ragnheiður, fráfaramandi formaður óskaði nýkjörinni stjórn til hamingju með kjörið og þakkaði öllum frambjóðendum fyrir að stíga fram og gefa kost á sér.
Nýr formaður ávarpaði fundinn.

14. Fundargerð lesing og leiðrétt

Fundarritari las upp fundargerðina. Engar athugasemdir voru gerðar við fundargerðina og var hún í framhaldi samþykkt samhljóða.

15. Fundi slitið

Fundarstýra þakkaði félagskonum fyrir góðan fund og sleit fundi klukkan 20:35.

Hulda Ragnheiður Árnadóttir
fráfaramandi formaður

Arna Björk Gunnarsdóttir, fundarstýra